




## Alþýðusamband Íslands

### Miklar hækkunir á matvöru

Miklar hækkunir voru á vörkørfu ASÍ á milli verðmælinga verðlagseftirlitsins í september og október (39. og 44. vika). Karfan hækkaði á þessu fjögurra vikna tímabili um 5%-13% í öllum verslunarkerðjum að Hagkaupum og 10-11 undanskildum þar sem karfan hækkaði um u.þ.b 2-3%. Miklar hækkunir eru áberandi í flestum vörflokkum körfunnar en mjólkurvörur og ostar hækka minnst.

Verð á vörukørfu ASÍ hækkaði mest á milli mælinga í Nettó um 12,7%, í Samkaupum-Strax um 12,5% og í Kaskó um 10,6%. Í Samkaupum-Úrval nam hækkunin 8,1%, í Bónus 7,3%, Krónunni 6,5% og í 11-11 hækkaði vörufarfan um 6,7%.



Í lágvöruverðsverslunum hækkaði verð vöruförfunnar mest í Nettó um 12,7%, kjötvörur í körfunni hækka mest (28,6%) ásamt brauði og kornvörum (13,2%) og hreinlætisvörum (11,3%). Í Kaskó hækkaði vörufarfan um 10,6% á milli verðmælinga, hækkunin skýrist að mestu af hækkun á kjötvörum (17,7%) í körfunni auk brauðs og kornvara (14,2%) en grænmeti og ávextir, sætindi og hreinlætisvörur í körfunni hækka einnig um eða yfir 10% frá því í síðustu

Vika 39 og 44	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
<b>Breyting vöruförfu</b>				
vegið meðaltal	7,3%	6,5%	12,7%	10,6%
Brauð og kornvörur	12,7%	8,0%	13,2%	14,2%
Kjötvörur	1,7%	5,2%	28,6%	17,7%
Mjólkurvörur, ostar og egg	0,6%	2,2%	0,9%	-0,8%
Grænmeti og ávextir	17,2%	8,8%	6,0%	7,6%
Sykur, súkkulaði, sælgæti öfl.	8,7%	17,8%	9,8%	10,6%
Ýmsar matvörur	7,7%	10,2%	6,7%	11,7%
Drykkjarvörur	3,6%	2,7%	8,9%	8,1%
Hreinlætis- og snyrtivörur	16,2%	0,0%	11,3%	10,6%

mælingu. Heildarkarfan í Bónus hækkaði um 7,3% frá því í lok september og rekja má þá hækku að mestu til hækkanu á grænmeti og ávöxtum (17,2%), brauði og kornvörum (12,7%) og hreinlætisvörum (16,2%) í körfunni. Í Krónunni hækkaði vörufarfan um 6,5% á milli verðmælinga og skýrist sú hækku að mestu af hækku á sætindum (17,8%), brauði og kornvörum (8%), grænmeti og ávöxtum (8,8%) og kjörvörum(5,2%).

Í störmörkuðunum hækkaði verð vöruförfunnar mest, á milli verðmælinga í september og október, í Samkaupum-Úrval, um 8,1% sem rekja má að mestu til hækkanu á brauði og kornvörum (13,7%), sætindum (10,6%) og ýmsum matvörum (15,6%) í vöruförfunni. Í Nóatúni hækkaði heildarkarfan um 4,7% á milli mælinga sem skýrist að mestu af hækku á brauði og kornvörum (8,6%) og grænmeti og ávöxtum (10,1%) í vöruförfunni. Verð vöruförfunnar hækkaði minnst í Hagkaupum á tímabilinu, um 1,8%, en þar má rekja hækkuina að mestu til hækkanu á kjörtvörum (3,4%), ýmsum matvörum (5,3%) og hreinlætisvörum (12,9%) í vöruförfunni en á móti vegur lækkun á sætindum (-4,7%) og grænmeti og ávöxtum(-2,5%) í körfunni.

Vika 39 og 44	Hagkaup	Nóatún	Samkaup- Úrval	10-11	11-11	Samkaup- Strax
<b>Breyting vöruförfu</b>						
vegið meðaltal	<b>1,8%</b>	<b>4,7%</b>	<b>8,1%</b>	<b>2,6%</b>	<b>6,7%</b>	<b>12,5%</b>
Brauð og kornvörur	0,1%	8,6%	13,7%	5,2%	11,4%	14,7%
Kjörtvörur	3,4%	2,9%	3,2%	3,9%	7,8%	24,6%
Mjólkurvörur, ostar og egg	-0,8%	1,4%	0,8%	0,2%	1,2%	1,0%
Grænmeti og ávextir	-2,5%	10,1%	2,3%	-0,1%	2,3%	14,4%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	-4,7%	4,8%	10,6%	2,5%	9,7%	12,6%
Ýmsar matvörur	5,3%	3,5%	15,6%	2,3%	4,2%	9,3%
Drykkjarvörur	4,5%	4,3%	9,6%	1,1%	2,7%	-1,6%
Hreinlætis- og snyrtivörur	12,9%	-2,0%	12,6%	4,3%	14,1%	12,5%

Í klukkubúðunum hækkaði verð vöruförfunnar mest í Samkaupum-Strax um 12,5% á milli mælinga. Mest hækka kjörtvörur í körfunni (24,6%) en aðrir vöruflokkar í vöruförfunni, að mjólkurvörum og drykkjarvörum undanskildum, hækka um 9%-15%. Í 11-11 hækkar verð heildarkörfunnar um 6,7% á tímabilinu sem rekja má að mestu til hækkanu á brauði og kornvörum (11,4%), kjörtvörum (7,8%), sætindum (9,7%) og hreinlætisvörum (14,1%) í körfunni. Minnst hækku meðal klukkubúða var í 10-11 á tímabilinu þar sem heildarkarfan hækkaði um 2,6% sem skýrist að mestu af hækku á brauði og kornvörum (5,2%), kjörtvörum (3,9%) og hreinlætisvörum (4,3%) í vöruförfunni.

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vöruförfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörufarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vöruförfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysliverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó og í almennu matvöruslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða,

þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

*Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.*